

Árið 2011 hinn 3. nóvember.

Stjórnarfundur í Oddafélaginu haldinn í Odda.

Mætt voru Þór Jakobsson formaður, Íris Björk Sigurðardóttir, Sigrún Ólafsdóttir og Guðbjörg Arnardóttir.

Formaður setti fund kl. 16:00 og lagði fyrir fundarmenn svohljóðandi dagskrá:

1. Árið rifjað upp. Sæmundardagur í Háskóla Íslands, Oddastefna í Skóginum, Goðasteinn.
2. Félagalatal. Innheimta.
3. Næsti aðalfundur, dagsetning.
4. Sæmundarvellir.
5. Oddadagur eða Oddahátið í stað Oddastefnu?
6. Önnur mál.

1. Sæmundardagur í samvinnu við Stúdentaráð Haskóla Íslands gekk vel. Sömuleiðis gekk Oddastefna sem haldin var í Skóginum vel, hana sóttu 84, fyrirlestrar þóttu góðir og heimsókn í safnið á Þorvaldseyri vakti athygli. Goðasteinn á að koma út rétt fyrir jól og í honum eru erindi frá Oddastefnu 2010. Hefur félagið hug á að koma sér upp heimasíðu þar sem erindi Oddastefnu gætu farið inn á. Of mikil vinna hefur farið í að safna saman erindunum fyrir Goðastein. Þá var einnig rætt hvort erindin myndi ekki sóma sér vel á heimasíðu Rangárþings ytra.
2. Ákveðið var að senda út fréttabréf fyrir jól og láta koma þar fram að á næsta aðalfundi yrðu ræddar mögulegar breytingar á féluginu. Láta einnig fylgja með upplýsingar um reikningsnúmer vegna árgjalds.
3. Ákveðið var að halda aðalfund Oddafélagsins 22. febrúar 2012. Verður aðalfundurinn haldinn í Safnaðarheimilinu Kraga í Odda. Íris Björk mun senda Héraðsnefnd bréf vegna kaffiveitinga.
4. Formaður lagði fram erindi frá sveitarstjórn Rangárþings ytra þar sem fram kemur að sveitarstjórn óski eftir því að skipulags- og byggingaryfirvöld skili inn greinargerð til sveitarstjórnar vegna þeirra hugmynda sem fram koma í erindi frá Oddafélaginu en að höfðu samráði við landeigendur og hagsmunaaðila svo sveitarstjórn geti tekið afstöðu til málsins. Formaður er áfram í viðræðum vegna þessara mála. Rætt um landskipti Oddatorfunnar sem enn er ólokið.
5. Stjórn ákvað að næsta Oddastefna yrði haldin í Odda sem Oddadag, ákveðið var að halda hana 19. maí 2012. Þar yrði rætt um hugmyndina að Sæmundarvöllum, flutt erindi um Odda og tónlist í bland. Jafnvel yrði farið í örnefnagöngu um nágrenið. Dagskráin væri þannig sett upp að börn gætu tekið þátt. Vert væri að athuga hvort hægt væri að setja upp útitjöld fyrir veitingar.
6. Inn á reikningi félagsins eru 128.044.- Reikningarnir fyrir næsta aðalfund eru tilbúnir, eftir er að endurskoða þá.

Fundargerð ritaði Guðbjörg Arnardóttir ritari.